

## L Ö G

62

31. maí

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein, og ekki til þeirra tannsmíða, er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn, þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 34 23. júní 1932.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. maí 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

63

31. maí

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## I. KAFLI

Um verzlun með fóðurblöndur.

1. gr.

Landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans (hér eftir kölluð landbúnaðardeild) skal hafa eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.